

Fimmtudaginn 11. maí 1995.

Nr. 237/1992.

Helgi V. Jónsson hrl. vegna þrotabús

Viðars Arthúrssonar

(Erla S. Árnadóttir hrl.)

gegn

Tryggva Hannessyni

(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

og gagnsök

Kaup. Aðild. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir og Gunnlaugur Claessen og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Viðar Arthúrsson skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. júní 1992. Með úrskurði 16. júní 1993 var bú hans tekið til gjaldþrotaskipta. Hefur aðaláfrýjandi nýtt sér heimild í 130. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. til að halda áfram rekstri málsins fyrir Hæstarétti í eigin nafni og á sinn kostnað og áhættu. Krefst hann þess, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér skaðabætur, að fjárhæð 5.591.207 krónur, með vöxtum í samræmi við 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. nóvember 1989 til 18. júlí 1991, en með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr., sbr. 15. gr., laganna frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 15. október 1992. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara verulegrar lækkunar á fjárhæð dómkrafna aðaláfrýjanda og að málskostnaður verði felldur niður.

Gagnáfrýjandi kom fram af hálfu Bláfells hf., þegar Viðar Arthúrsson keypti af félaginu rekstur heildverslunarinnar Bláfells 31. ágúst 1988, en gagnáfrýjandi var aðaleigandi og framkvæmdastjóri hlutafélagsins.

Í hinum áfrýjaða dómi er lýst aðgerðum, sem gagnáfrýjandi hafði í frammi eftir kaupin og fóru í bága við samningsrétt kaupanda.

Voru aðgerðir þessar fallnar til að skaða erlend viðskiptasambönd heildverslunarinnar, sem Viðar Arthúrssón eignaðist við kaupin. Með þessum ólögmati aðgerðum, sem ætla verður, að valdið hafi kaupanda fjártjóni, bakaði gagnáfrýjandi sér fébótaábyrgð gagnvart honum. Þykja bætur til aðaláfrýjanda af þessum sökum hæfilega ákveðnar 500.000 krónur. Ber að dæma gagnáfrýjanda til að greiða þá fjárhæð með vöxtum og dráttarvöxtum, eins og krafist er, en þeim þætti kröfugerðar aðaláfrýjanda hefur ekki verið mótmælt sérstaklega.

Eftir þessum úrslitum málsins er rétt, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði segir.

D ó m s o r ð:

Gagnáfrýjandi, Tryggvi Hannesson, greiði aðaláfrýjanda, Helga V. Jónssyni hrl. vegna þrotabús Viðars Arthúrssónar, 500.000 krónur með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. nóvember 1989 til 18. júlí 1991, en dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laganna frá þeim degi til greiðsludags.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda samtals 250.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Seltjarnarness 9. mars 1992.

Mál þetta, sem dómtekið var 27. febrúar sl., er höfðað hér fyrir dóminum með stefnu, birtri 15. júní 1991, af Viðari Arthúrssyni, kt. 160536-2099, Fells múla 7, Reykjavík, á hendur Tryggva Hannessyni, kt. 290435-4209, Sæbraut 20, Seltjarnarnesi.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð 5.591.207 kr., ásamt vöxtum [og málskostnaði].

Af stefnda hálfu er þess aðallega krafist, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands að teknu tilliti til 24,5% virðisauka-skatts á málflutningsþóknun. Stefndi krefst þess, að dæmdur málskostnaður beri hæstu lögleyfðu dráttarvexti frá 15. degi frá dómsuppsögu til greiðsludags.

Til vara krefst stefndi þess, að krafa stefnanda verði lækkuð verulega og málskostnaður verði felldur niður.

Sáttaumleitanir dómara hafa ekki borið árangur.

I.

Málavextir eru þeir, að stefnandi gerði tilboð í heilðsölufyrirtækið Bláfell hf., Hverfisgötu 105, Reykjavík, 28. ágúst 1988. Stefndi svaraði með gagntilboði daginn eftir og tók fram, að ekki væri verið að selja hlutafélagið Bláfell hf., heldur heildverslunina Bláfell, sem var einkafyrirtæki stefnda.

Aðilar gerðu með sér kaupsamning 31. ágúst 1988, þar sem stefndi seldi stefnanda f. h. Bláfells hf. rekstur heildverslunarinnar Bláfells ásamt innréttingum, áhöldum og tækjum svo og erlend viðskiptasambönd. Umsamið kaupverð hins selda var 8.000.000 kr., sem skiptust þannig, að vörulager var metinn á 4.300.000 kr., en viðskiptavild, áhöld, innréttingar og tæki á 3.700.000 kr. Með kaupsamningi fylgdi listi yfir allar innréttingar og tæki svo og listi yfir erlend viðskiptasambönd. Á þeim lista eru tilgreind 33 erlend fyrirtæki, sem Bláfell var í viðskiptum við.

Afhending hins selda fór fram 1. september 1988, og skyldi kaupandi þá taka við rekstrinum og bera ábyrgð á honum. Þá segir einnig í kaupsamningi, að allar skuldbindingar fyrir afhendingardag séu á ábyrgð seljanda og því kaupanda óviðkomandi. Firmaheitið Bláfell skyldi fylgja með í kaupunum, og seljandi lofaði að fara ekki í samkeppni við kaupanda undir Bláfellsnafni.

Stefnandi kveðst hafa orðið þess var í desember 1988, að stefndi væri að bjóða vörur frá umboði heildverslunarinnar, og hafi hann gert við það atugasemd. Stefndi hafi ekki sinnt því, og hafi honum því verið sent bréf 26. janúar 1989, þar sem þess var krafist, að hann hætti að nota firmaheitið Bláfell, gerði upp skuldir við hina erlendu viðskiptamenn og lýsti yfir, að hann myndi ekki hafa frekari viðskipti við erlenda né innlenda viðskiptamenn heildverslunarinnar, ella yrði kaupunum rift og krafist skaðabóta.

Í bréfinu er því lýst, að stefndi hafi brotið kaupsamning aðila m. a. á eftirfarandi hátt:

- „2. Þér hafið áfram notað firmanafnið Bláfell, sbr. áritun á pósthólf yðar að Hverfisgötu 105, þar sem stendur: Bláfell hf., Bláfell sf., Hrímf hf., heildverslun, Tryggvi Hannesson.
Bankayfirlit frá Landsbanka Íslands hf. eru enn stíluð á Bláfell hf., og sýnir það, að enn er nafn fyrirtækisins notað á bankareikningum.
Þér munuð hafa fengið yður nýtt telefax, sem skráð er á Bláfell hf.
3. Þér hafið haldið áfram viðskiptum við ýmis af þeim umboðum, sem eru á ofangreindum lista yfir umboðsmenn:

CLABER.

Í telefaxi, sem barst heildversluninni og er stílað á T. Hannesson, kemur fram, að þér hafið hringt til fyrirtækisins varðandi reikning nr.

4986 frá 17. 6. 1988. Þá kemur fram í faxinu:

„I will provide to send you the requested catalogues by airmail and look forward to hearing you in January.“

Fyrirtæki þetta mun vera einn stærsti umboðsaðili heildverslunarinnar Bláfells.

ISOLA FABRIKKER A/S.

Í telefaxi, sem heildverslunin hefur fengið afrit af, stendur:

„In telefax of 6. 10. '88 Mr. Hannesson informed us that Bláfell's new telefaxno. was 61-10-28. Since then all our correspondence has been to this no.“

Ofangreint fyrirtæki hefur ekki viljað senda heildversluninni vörur vegna skulda á eldri sendingum og vegna upplýsinga yðar til fyrirtækisins um, að Bláfell hf. sé nánast gjaldþrota.

COMBAC.

Samkvæmt fyrirliggjandi reikningi frá fyrirtæki þessu hefur Hrímm hf. pantað vörur frá því 16. nóvember 1988. Hinn erlendi reikningur, sem stílaður var á Bláfell, var greiddur í banka af Hrímm hf. 12. janúar 1989. Fyrirtæki þetta hefur hafnað pöntunum frá heildsölu vegna eldri skulda.

GUNNEBO.

Á fundinum í desember 1988 var kvartað við yður um, að þér hefðuð fyrir hönd Hríms hf. keypt vörur af fyrirtæki þessu, eftir að framangreindur kaupsamningur við umbjóðanda minn var gerður.

4. Komið hefur í ljós, að þér hafið leynt umbjóðanda minn því, að á hafnarbakkanum lágu ýmsar vörusendingar, sem voru í vanskilum gagnvart sendandanum, og leiddu vanskilin til þess, að viðkomandi umboðsmaður hefur hafnað afgreiðslu á pöntunum umbjóðanda míns.“

Stefnandi kveður það hafa verið rétt við kaupin, að einhverjar pantanir væru á hafnarbakkanum, en það væri lítið og aðeins það, sem notað væri frá degi til dags. Stefndi hafi einnig sagt sér frá því, að vörur væru í tollvörugeymslu, en að öðru leyti hafi það ekki verið rétt neitt sérstaklega. Í ljós hafi komið, að stærsti hlutinn af þeim vörum, sem voru á hafnarbakkanum og í tollvörugeymslu, hafi verið orðinn gamall. Búið hafi verið að selja það, sem seljanlegt var, en eftir verið t. d. ónýtt skot, sem raki hafði komist í, og sturtuklefar með brotnu gleri.

Hjá fyrirtækinu hafi starfað tveir menn, er hann keypti það, og hafi þeir

starfað áfram undir sinni stjórn. Veltutala fyrirtækisins hafi verið gefin upp við sölu, en ekki kvaðst stefnandi hafa grennslast eftir, hvernig veltan skiptist milli einstakra vöruflokka.

Stefnandi kveður þó ljóst, að helstu viðskiptamenn fyrirtækisins voru Claber, sem framleiddi ýmiss konar garðáhöld, Combac, sem framleiddi sturtuhurðir, viftur og sauna-ofna, og Isola, sem framleiddi þakrennur, veggpappa o. fl.

Í ljós hafi komið, að ógreidd vörusending frá Claber hafi verið á hafnarbakkanum frá því um sumarið 1988. Þetta hafi verið sumarvörur, sem hafi ekki verið unnt að selja fyrir en næsta sumar. Stefnandi kveðst hafa sent Claber bréf 7. desember 1988 og farið þess á leit að fá greiðslufrest á þessum vörum og jafnframt tilkynnt um eigendaskipti á heildversluninni Bláfelli. Jafnframt hafi hann komist að raun um, að stefndi hafði pantað vörur frá Claber, eftir að hann var búinn að selja fyrirtækið stefnanda. Hann hafi því krafist þess af stefnda 4. apríl 1989, að hann undirritaði bréf til Clabers, þar sem fram kæmi, að stefndi hefði selt stefnanda Bláfell og að stefndi væri ekki lengur umboðsmaður Clabers á Íslandi. Stefndi hafi hins vegar neitað að undirrita þetta bréf. Stefnandi hafi því sent stefnda bréf 2. júní 1989 og krafist þess, að stefndi afhenti innflutningsskjöl yfir vörur þessar. Aðilar hefðu náð um það samkomulagi 20. júní 1989, að stefnandi leysti til sín vörusendinguna, og lýsti jafnframt yfir, að hann ætti ekki frekari pantanir á vörum hjá Claber og myndi ekki eiga nein frekari viðskipti við fyrirtækið.

Með háttsemi sinni hafi stefndi grafið undan möguleikum stefnanda til að fá einkaumboð fyrir Claber á Íslandi, og hafi svo farið, að Claber vildi ekki viðurkenna hann sem umboðsaðila, en skipti áfram við stefnda.

Stefndi hafi leikið sama leikinn við fyrirtækið Combac. Hann hafi pantað vörur í samkeppni við stefnanda og stefnandi neyðst til að ganga inn í pantanir til þess að sporna við ágangi stefnda, en vörur frá þessum fyrirtækjum hafi verið undirstaðan í rekstri Bláfells.

Þá hafi einnig komið í ljós, að vegna eldri skulda Bláfells við Combac hafi sér verið neitað um frekari vörusendingar. Í bréfi frá Combac 25. janúar 1989 hafi það verið staðfest, að stefndi hafi heimsótt fyrirtækið í desember 1988 og ekki gefið annað í skyn en hann ræki Bláfell áfram. Hafi það verið ástæðan til þess, að Combac afgreiddi vörur til stefnda.

Stefnandi hafi komist að raun um það, að stefndi hafði sent fyrirtækinu Isola bréf í nafni Bláfells og tilkynnt um nýtt númer á símsendi. Stefnandi hafi því ekki fengið svör við bréfaskriftum sínum til Isola, heldur hafi Isola sent svarbréf til stefnda. Þetta hafi uppgötvast í janúar 1989, og hafi stefnandi náð góðu viðskiptasambandi við Isola eftir það.

Fyrirtækið Corticeira hafi verið á lista þeim yfir erlend viðskiptasambönd, sem fylgdi með í kaupunum. Í ljós hafi komið, er stefnandi hafði samband við það fyrirtæki, að stefndi var í skuld við það, að fjárhæð USD 2.995,89, og hafi fyrirtækið neitað frekari viðskiptum við stefnanda fyrir en sú skuld væri greidd.

Þá hafi fyrirtækið Gunnebo staðfest í bréfi 12. desember 1988, að vörur hafi verið afgreiddar til fyrirtækisins Hríms, sem sé einkafyrirtæki stefnda. Gunnebo hafi þó einnig verið á lista þeim yfir erlend viðskiptasambönd Bláfells, sem stefndi hafi selt stefnanda.

Stefnandi kveður stefnda hafa gefið það í skyn, er hann keypti heildverslunina, að öll viðskiptasambönd fylgdu með. Það hafi ekki verið rætt við söluuna, að stefndi gæti ekki ábyrgt það, en sig hafi aldrei grunað, að stefndi myndi vinna að því ljóst og leynt að ná til sín umboðum, sem hann hafði selt, sérstaklega þar sem hann hafði tjáð stefnanda, að hann væri að hætta í viðskiptum vegna heilsubrests. Stefnandi kvaðst hafa haft samband við u. þ. b. helming þeirra aðila, sem tilgreindir eru á ofangreindum lista, og hafi viðbrögðin verið misjöfn, því að stefndi hafði ekki ræktað þau sambönd sem skyldi.

Stefnandi kveðst ekki hafa haft reynslu af heildsölu, áður en hann keypti fyrirtækið. Hann hafi lengst af verið verkstjóri hjá Brauði hf., en rekið söluturn í eitt ár. Áður en hann keypti fyrirtækið, hafi hann stundað sendibifreiðaakstur í eitt ár. Stuttu eftir kaupin hafi hann farið á vörusýningu til Kölnar í fylgd með stefnda. Stefnandi hafi kynnt stefnanda fyrir starfsmönnum Clabers og þeim verið vel tekið. Ekki kvaðst stefnandi hafa orðið þess var, að stefndi legði inn pantanir á vörusýningunni.

Vitnið Þórir Jökull Halldórsson kom fyrir dóm og kvaðst hafa unnið sem sölumaður hjá Bláfelli frá árinu 1987 til september 1989. Hann kvaðst ekki vita um veltutölur fyrirtækisins, en kvaðst halda, að vörur frá Isola hefðu verið helsti þátturinn, en því næst vörur frá Claber. Umboðið Juvel hefði einnig verið töluverður þáttur í starfseminni. Hann taldi stefnanda hafa gengið nokkuð misjafnlega að rækta þau viðskiptasambönd, sem fylgdu með í kaupunum. Hann hefði ekki haft þekkingu á þessum rekstri, og kundi það að hafa komið að einhverju leyti niður á starfseminni. T. d. hafi framboð á vörum ekki verið nægilegt. Þórir annaðist allar bréfaskriftir fyrirtækisins við Isola, og staðfesti hann, að stefndi hefði bakað þeim óþægindi með því að tilkynna Isola um nýtt númer á símsendi Bláfells. Hefði það orðið til þess, að Isola sendi öll bréf til stefnda, sem hafi ekki komið þeim til skila til Bláfells. Þetta hefði uppgötvast í janúar 1989, og hefði Bláfell eftir það náð viðskiptasambandi við Isola.

Vitnið Magnús Karlsson vann hjá Bláfelli við framkvæmdastjórnun og markaðsmál frá 15. október 1989. Hann var jafnframt 24% hluthafi í Heimalandi hf., sem keypti Bláfell 1. nóvember 1989. Hann kvað Heimaland hf. hafa keypt köttinn í sekknum, því að í ljós hefði komið, að Bláfell hafði alls ekki einkaumboð fyrir sum þau erlendu fyrirtæki, sem upp voru gefin á lista þeim, er stefndi lét fylgja kaupunum til stefnanda. Öll samskipti við Isola hefðu verið mjög erfið, þar sem forsvarsmenn þess voru varir um sig vegna skulda stefnda.

II.

Stefndi kvaður Bláfell hf., sem var rekstraraðili að heildversluninni Bláfelli, hafa selt stefnanda heildverslunina. Við söluna hafi stefndi komið fram fyrir hönd Bláfells hf. sem fyrirsvarsmáður félagsins.

Stefndi kvaðst hafa tekið það skýrt fram við stefnanda, að Bláfell hf. hefði ekki einkaumboð á innflutningi á vörum frá þeim aðilum, sem tilteknir voru í kaupsamningi, og að hvorki stefndi né Bláfell hf. gætu ábyrgst, að viðkomandi aðilar samþykktu að eiga viðskipti við stefnanda.

Stefndi kvaðst hafa verið heildsali frá 1968, en Bláfell hefði hann stofnað 1985. Hann hefði ætlað að minnka við sig af heilsufarsástæðum og hefja hálf dagsstarf hjá Húsasmíðjunni, en það brugðist, þegar til átti að taka. Hann stundi því enn heildverslun.

Strax eftir söluna hefði hann stofnað nýtt hlutafélag, Hrímm hf., en jafnframt hefði Bláfell hf. verið lagt niður. Nú reki stefndi heildverslun sína sem einkafyrirtæki undir firmanafninu Hrímm.

Eftir söluna hafi stefndi ekki haft nein afskipti af því að kynna stefnanda sem nýjan eiganda að Bláfelli, enda ekki eftir því óskað. Hann hafi þó kynnt stefnanda sem nýjan eiganda fyrir forsvarsmönnum Clabers á vörusýningu í Köln í september 1988. Þessi sýning sé haldin ár hvert í september, og hafi stefndi farið með stefnanda á sýninguna í því skyni að auðvelda honum að taka við rekstrinum.

Sýningin hafi byrjað nokkrum dögum eftir söluna, og hafi stefndi ráðlagt stefnanda að fara. Það hafi orðið úr, að stefndi, stefnandi og starfsmaður Bláfells, Þórir Jökull, fóru saman á sýninguna, og hafi stefndi notað tækifærið til að kynna stefnanda sem nýjan eiganda fyrir forsvarsmönnum Clabers. Það hafi verið venja hjá sér að panta sumarvörur á sýningunni, sem hafi svo venjulega borist til landsins næsta vor. Það hafi hann einnig gert á þessari sýningu í nafni Bláfells og í samráði við stefnanda. Af hálfu stefnanda er þessu mótmælt, hann hafi ekki vitað, að stefndi pantaði vörur á sýningunni, og vitnið Þórir Jökull tók í sama streng.

Stefndi kveðst hafa látið stefnanda vita, er vörurnar komu í apríl, en í ljós hafi komið, að stefnandi gat ekki opnað ábyrgðir fyrir vörusendingunni, þar sem hann hafði ekki veð. Hann hafi því opnað ábyrgð með samþykki stefnanda og stefnandi leyst síðan til sín vörurnar á kostnaðarverði.

Hinn 20. júní 1989 hafi aðilar gert með sér samkomulag um, að stefnandi tæki að sér pantanir frá Claber. Ástæðan til samnings þessa hafi verið sú, að stefnandi hafi verið ósáttur við að geta ekki átt viðskipti við Claber og talið, að stefndi hafi spillt fyrir viðskiptum. Sú skoðun stefnanda hafi hins vegar verið röng, því að komið hafi á daginn, að þrátt fyrir samkomulagið hafi Claber engin viðskipti viljað eiga við stefnanda, en óskað eftir áframhaldandi viðskiptum við stefnda. Samkvæmt fyrrgreindum samningi skyldi stefnandi greiða fyrir þær vörupantanir, er hann tók að sér og skyldi greiðslum verða lokið 15. ágúst 1989. Stefnandi hafi hins vegar vanefnt greiðslur, og hafi gengismunur, sem greiða átti 18. júlí 1989, ekki verið greiddur fyrr en 10. ágúst 1990.

Vegna óáreiðanleika stefnanda hafi Claber kosið að skipta ekki við hann og óskað eftir, að stefndi sæi um innflutning á vörum frá Claber. Stefnandi hafi samþykkt það, þar sem hann taldi, að það ætti ekki að skipta stefnanda neinu, hver annaðist innflutning fyrir Claber, þar sem ljóst var orðið, að stefnandi kæmi ekki til greina.

Ekki mundi stefndi eftir því, að ógreidd vörusending frá Claber hefði verið á hafnarbakkanum, er sala fór fram. Hann kannaðist ekki heldur við, að stefnandi hefði komið á sinn fund í apríl 1989 og óskað eftir, að hann undirritaði bréf til Clabers, þar sem fram kæmi, að stefndi hefði selt stefnanda Bláfell, og að stefndi væri hættur öllum viðskiptum við Claber. Stefnandi taldi af og frá, að Claber-umboðið hefði gefið 50% af veltu Bláfells yfir sumarmánuðina, eins og stefnandi haldi fram.

Um fyrirtækið Combac skýrði stefndi svo frá, að þrjár sendingar hefðu verið á hafnarbakkanum, er stefnandi keypti fyrirtækið. Hefði stefnandi verið fullkunnugt um það og um samið, að stefnandi tæki við þessum sendingum. Tólf sturtuklefar hefðu verið í hverri sendingu. Stefnandi hefði hins vegar ekki getað leyst þessar sendingar til sín og tjáð Combac það bréflaga. Hefði það orðið til þess, að Combac neitaði stefnanda um frekari viðskipti, þar til greiðslur lægju fyrir. Stefnandi sagði það misskilning, sem fram kæmi í bréfi Combacs til stefnanda frá 18. janúar 1989, að stefndi hefði heimsótt Combac í desember 1988 og látið á sér skilja, að hann ræki enn Bláfell. Hann hefði ekki heimsótt Combac, en hins vegar verið í bréfasambandi við það vegna fyrri sendinga, sem lágu á hafnarbakkanum. Stefnandi hefði fengið afhent öll gögn um þau viðskipti. Þá hefði hann enn fremur pantað

sex sturtuklefa frá Combac í samráði við stefnanda 10. nóvember 1988 og stefnandi selt fjóra úr þeirri sendingu, en stefndi tvo.

Þær ásakanir stefnanda, að hann hefði spilt fyrir viðskiptum við fyrirtækið Isola, kvað stefndi stafa af misskilningi. Hann hefði verið í skuld við Isola og þurft að semja um þá skuld og því gefið upp nýtt númer á símsendi, er hann hafði heima hjá sér. Í bréfi til Isola, dags. 28. desember 1988, hefði hann farið fram á 50% niðurfellingu á skuldum Bláfells hf. og jafnframt tilkynnt Isola, að nýr eigandi hefði tekið við heildsölunni, og gefið upp heimilisfang stefnanda og pósthólf. Hefði hann ekki átt önnur samskipti við Isola eftir sölna.

Það sé rétt hjá stefnanda, að hann hafi verið í skuld við fyrirtækið Corticeira, sem framleitt hafi gólfkork. Hann hafi keypt af því töluvert magn, sem selt hafi verið í skólabyggingu. Korkurinn hafi reynst hornskakkur og því gallaður, og hafi hann orðið fyrir tjóni af þeim sökum og því ekki greitt skuldina.

Hann hafi talið sér heimilt að hafa nafn Bláfells áfram á póstkassa sínum. Hann hafi verið í skuld við ýmsa erlenda aðila og átt eftir að ganga frá þeim málum.

III.

Stefnandi telur, að stefndi hafi með framangreindu atferli valdið sér tjóni, er nemi a. m. k. hinni umstefndu fjárhæð, þ. e. mismuni á söluverði og kaupverði heildsölnnar og rekstrartapi árána 1988 og 1989. Hafi stefnda mátt vera ljóst, að atferli hans myndi eyðileggja grundvöll fyrir eðligum rekstri heildsölnnar, enda kunnugur rekstri hennar sem framkvæmdastjóri hennar og aðaleigandi hlutafélagsins, sem hann rak.

Tjón stefnanda er sundurliðað þannig:

Rekstrartap ársins 1988	kr.	988.004
Rekstrartap ársins 1989	-	3.003.203
Kaupverð fyrirtækisins skv. kaupsamn.	-	3.700.000
- Söluverð fyrirtækisins	-	(2.100.000)
	<u>Kr.</u>	<u>5.591.207</u>

Stefnandi reisir kröfu sína á almennu skaðabótareglunni svo og á almennum reglum samningsréttar um, að samninga skuli halda. Þá telur stefnandi, að stefni hafi haft svik í frammi í skilningi 53. gr. laga nr. 39/1922.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að hann hafi ekki átt viðskipti við erlenda viðskiptaáðila Bláfells í bága við kaupsamning Bláfells hf. og stefnanda. Hann hafi miklu fremur stuðlað að því, að stefnandi héldi í

viðskipti við fyrrum viðskiptavini Bláfells hf. Í því skyni að auðvelda stefnanda að taka við rekstrinum hafi stefndi farið með stefnanda á vörusýningu í Köln og kynnt stefnanda sem nýjan eiganda að Bláfelli. Pantaðar hafi verið vörur á sýningunni í nafni stefnda, þar sem Claber hafi ekki samþykkt stefnanda að svo stöddu sem nýjan viðskiptaaðila. Þegar til kom, hefði stefnandi ekki getað opnað bankaábyrgð vegna pöntunarinnar og stefndi því þurft að greiða vörusendinguna fyrir stefnanda, sem stefnandi hefði endurgreitt um síðir.

Stefndi mótmælir því, að hann beri ábyrgð á því, að stefnanda hélt ekki á þeim viðskiptasamböndum, er Bláfell hf. hafði áður. Af bréfi stefnanda til Clabers frá 7. desember 1988 og bréfi til Combacs frá 18. janúar 1989 megi ráða, hver hafi í raun verið orsök. Hann hafi ekki getað staðið við skuldbindingar sínar gagnvart þeim aðilum.

Stefndi mótmælir því algerlega, að söluverð heildsölunnar geti á einhvern hátt sýnt fram á tjón stefnanda. Ekki sé unnt að taka mark á söluverðinu í nóvember 1989, einkum með hliðsjón af því, að stefnandi sé sjálfur stjórnarformaður og einn af eigendum hlutafélagsins Heimalands hf. Óvíst sé því, hvað hafi í raun ráðið söluverði heildverslunarinnar. Stefndi styðji sýknuröfu sína því, að ekki sé um að ræða skilyrði almennu skaðabótareglunnar til að leggja bótaábyrgð á stefnda. Stefndi hafi í fyrsta lagi ekki sýnt fram á með nægilegum hætti, að hann hafi orðið fyrir tjóni vegna stefnda, og í öðru lagi sé ósannað, að tjón stefnanda nemi stefnufjárhæð. Jafnframt sé á því byggt, að skilyrði almennu skaðabótareglunnar um orsakasamband og sennilega afleiðingu komi ekki til greina. Ósannað sé og órökstutt, að ætluð háttsemi stefnda hafi valdið rekstrartapi stefnanda árin 1988 og 1989 og ráðið söluverði heildverslunar stefnanda í nóvember 1989. Stefndi hafi aðeins átt viðskipti við tvo af þeim 33 aðilum, er tilgreindir hafi verið í kaupsamningi, og geti stefnandi ekki sýnt fram á, að viðskipti við þá aðila hefðu komið í veg fyrir tap á rekstri fyrirtækisins.

Því sé mótmælt, að stefndi hafi sýnt af sér ólöglegt og saknæmt atferli, sem valdið hafi stefnanda tjóni. Stefndi hafi frá upphafi verið gert ljóst, að stefndi gæti ekki ábyrgt, að fyrrum viðskiptaaðilar Bláfells hf. vildu eiga viðskipti við stefnanda. Stefndi hafi ekki hvatt fyrrum viðskiptaaðila Bláfells hf. til þess að hafna viðskiptum við stefnanda, og í þeim tilvikum, er fyrirtæki stefnda hafi átt viðskipti við fyrrum viðskiptavini Bláfells hf., hafi það verið sökum þess, að þeir aðilar höfnuðu að eiga viðskipti við stefnanda og óskuðu sérstaklega eftir viðskiptum við stefnda.

Þá reisi stefndi sýknuröfu sína einnig á aðildarskort. Samkvæmt kaupsamningi við stefnanda hafi Bláfell hf. verið seljandi, en ekki stefndi, og því

sé kröfum stefnanda, studdum 53. gr. kaupalaga nr. 39/1922 og reglum samningaréttar, að samninga beri að efna, ranglega beint gegn stefnda, og beri því þegar að sýkna stefnda af kröfum stefnanda, reistum á framan-greindum málsástæðum og lagarökum.

IV.

Mál þetta er rekið sem skaðabótamál á hendur stefnda persónulega á þeim grundvelli, að stefndi hafi sýnt af sér saknæma og ólögmæta háttsemi og sé því skaðabótaskyldur samkvæmt almennu skaðabótareglunni. Krafa stefnda um sýknu vegna aðildarskorts, þar sem Bláfell hf. hafi verið seljandi, en ekki stefndi persónulega, verður því ekki tekin til greina.

Aðila greinir í veigamiklum atriðum á um ásakanir stefnanda í garð stefnda. Þó er ljóst af málavöxtum, að stefndi upplýsti stefnanda ekki um skuldir sínar við erlenda viðskiptamenn heildsölunnar með þeim afleiðingum, að að minnsta kosti þrír þeirra neituðu stefnanda um viðskipti. Stefnda hlaut að vera ljóst, þar sem hann hafði langa reynslu sem heildsali, að skuldir hans við hina erlendu viðsemjendur hlytu að torvelda stefnanda að ná viðskiptum við þá aðila. Fram hefur komið í málinu, að stefndi óskaði eftir helmingsafslætti á skuldum við fyrirtækið Isola, þar sem Bláfell hf. væri orðið svo til gjaldþrota, eins og segir í bréfi stefnda til Isola frá 28. desember 1988. Má nærri geta, að það hafi ekki auðveldað stefnanda að ná viðskiptum við fyrirtækið, þó að úr réttist síðar. Þá hefur stefndi ekki mót-mælt því, að hann hafi átt viðskipti við fyrirtækið Gunnebo, eftir að sala á heildsölunni fór fram.

Þá þykir einnig nægilega fram komið, að stefndi braut kaupsamning aðila, er hann hóf viðskipti við fyrirtækin Claber og Combac. Aðilar deila að vísu um málavexti í því sambandi, en þó er ljóst, að stefndi heldur enn umboði fyrir vörur frá Claber þrátt fyrir það samkomulag aðila frá 20. júní 1989, að stefndi hætti öllum frekari viðskiptum við það fyrirtæki.

Stefnandi reisir skaðabótakröfu sína á tapi árána 1988 og 1989 annars vegar og mismuni kaupverðs og söluverðs heildsölunnar hins vegar.

Enda þótt upplýst sé, að stefndi hafi valdið stefnanda margháttuðum erfiðleikum, þykir ekki nægilega sýnt fram á, hvert tjón stefnanda varð vegna framangreindrar háttsemi stefnda. Margir samverkandi þættir geta valdið tapi. Stjórnun fyrirtækis almennt ræður miklu þar um, en fram hefur komið, að stefnandi hafði enga reynslu af viðskiptum af þessu tagi. Lausafjárstaða og eigið fé skiptir einnig máli, en það var af skornum skammti hjá stefnanda.

Fram hefur komið, að stefnandi hafði aðeins samband við u. þ. b. helm-

ing af erlendum viðskiptaaðilum heildsölnunnar. Getur verið, að það hafi verið m. a. ástæðan fyrir taprekstri fyrirtækisins, a. m. k. að einhverju leyti.

Fram hefur komið, að umboðin frá Claber og Combac voru mikilvæg fyrir heildsölnuna. Stefnandi hefur þó ekki gert neina tilraun til að upplýsa, hve mikill hlutur þeirra var í heildarveltu heildsölnunnar. Gögn um það hefði verið unnt að leggja fram í málinu, og hefðu þau getað gefið nokkra mynd af því, hvert raunverulegt tjón stefnanda varð.

Ekki þykir heldur unnt að leggja mismun á kaupverði og söluverði heildsölnunnar til grundvallar tjóni stefnanda. Stefnandi var sjálfur 25% hluthafi og stjórnarformaður í félagi því, er keypti heildverslunina af stefnanda. Var stefnanda nauðsyn á að fá mat óvilhallra manna á því, hvert hafi verið eðlilegt verð fyrir heildsölnuna, ef hann vildi reisa skaðabótakröfu á verðlækkun hennar. Þá liggur ekki heldur fyrir mat á því, hvort stefnandi keypti heildsölnuna of háu verði af stefnda og því ekki getað selt hana Heimalandi hf. við jafnháu verði.

Órökstudd er sú fullyrðing stefnanda, að stefndi hafi haft svik í frammi við sölnuna.

Samkvæmt framansögðu verður stefndi sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en eftir atvikum öllum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Tryggvi Hannesson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Viðars Arthússonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.
